

Innkaupa- og framkvæmdaráð  
Reykjavíkurborg  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2020

### **Efni: Kvörtun til innkauparáðs vegna brota gegn Vörðubergi ehf.**

Til skrifstofu minnar hafa leitað fyrirsvarsmenn Vörðubergs ehf., kt. 571212-3230, Naustabryggju 54, 110 Reykjavík, vegna ákvörðunar innkaupaskrifstofu, sem tilkynnt var umbjóðanda mínum með tölvupósti til Rafns Sveinssonar, kt. 090455-2149, þann 13. maí sl.

Vörðuberg ehf. gerði tilboð í útboði Reykjavíkur nr. 14782 „Hverfið mitt 2020 austur. Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur“. Vörðuberg ehf. átti lægsta boð í verkið, kr. 24.556.000 sem nam 65,89% af áætluðum kostnaði í verkið. Tilboði umbjóðanda míns var hafnað með vísan til greinar 0.4.2 í útboðsgögnum, með svofelldum rökstuðningi:

*Að mati Innkaupaskrifstofa [svo] Reykjavíkurborgar er Reykjavíkurborg skylt að hafna tilboði Vörðubergs ehf. með vísan til gr. 0.4.2 í útboðsgögnum þar sem eigandi félagsins hefur hlotið endanlegan dóm fyrir sviksemi í skilningi 5. mgr. ákvæðisins. Þá er tilboði félagsins jafnframt hafnað með vísan til 3. og 4. töluliðar sama ákvæðis á grundvelli dómsins, þar sem háttsemi eiganda er hann var sakfelldur fyrir telst einnig refsivert brot í skilningi þess sem og alvarleg vanræksla í starfi.*

Umbjóðandi minn hefur falið mér að skjóta þessari niðurstöðu til innkauparáðs á grundvelli þess að ákvörðunin byggist á ólögumætum sjónarmiðum og að með henni sé brotið með alvarlegum hætti gegn umbjóðanda mínum.

#### *Dómur Landsréttar og refsing*

Vegna rökstuðnings innkaupaskrifstofu fyrir niðurstöðu sinni er rétt að rekja hér mál það sem vísað er til. Þó er rétt að geta þess strax að málið varðaði Vörðuberg ehf. ekki með nokkrum hætti.

Landsréttur kvað upp dóm í máli nr. 4/2018 föstudaginn 4. maí 2018. Málið varðaði skil á virðisaukaskatti, virðisaukaskattskýrslum og færslu bókhalds á árinu 2011 hjá fjórum félögum, Atvinnubifreiðum og tækjum ehf., Íslandsleiðum ehf., Húsaborg ehf. og Tinnubergi ehf. Ásamt félögum fjórum var Rafn Sveinsson, fyrirsvarsmáður þeirra, ákærður fyrir brotin. Landsréttur komst að þeirri niðurstöðu að ákærði, Rafn Sveinsson, skyldi sæta fangelsi í fjóra mánuði en fresta skyldi fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins héldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rafni var jafnframt gert að greiða 16.437.000 króna sekt til ríkissjóðs auk helmingssakarkostnaðar. Þess skal getið að félögin fjögur, sem mál nr. 4/2018 tók til, höfðu gert að fullu upp við ríkissjóð auk þess að greiða 10% álag á skuldina áður en málið var flutt í héraði. Félögin höfðu því verið skuldlaus við ríkissjóð um nokkurra ára skeið þegar dómur Landsréttar var kveðinn upp. Í kjölfar dóms Landsréttar voru þær sektir sem þar var kveðið á um gerðar upp og því eru félögin fjögur og fyrirsvarsmaður þeirra, Rafn Sveinsson, að fullu í skilum hjá ríkissjóði, sem og hjá Reykjavíkurborg. Þá skal haft í huga að Rafn Sveinsson hafði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í tvö ár þann 4. maí sl. og fullnusta refsingar samkvæmt dómi Landsréttar því fallin niður. Rafn Sveinsson og félögin fjögur hafa því sætt fullri refsingu fyrir þau brot sem framin voru á árinu 2011 og hafa greitt til ríkissjóðs þrefalda þá fjárhæð virðisaukaskatts sem upphaflega átti að halda eftir og standa skil á.

#### *Útboðsskilmálar og höfnun tilboðs*

Útboðsskilmálar sem kveða á um að hafnað skuli öllum tilboðum félaga sem eru í eigu einstaklinga sem hafa hlotið endanlegan dóm fyrir refsiverð brot eru að mati umbjóðanda míns bersýnilega í andstöðu við lög. Með slíkum skilmálum, án frekari tilgreiningar á gildistíma eða öðru, er Reykjavíkurborg bæði að víkja sér undan því skyldubundna mati sem stjórnvöldum ber að framkvæma við úrlausn einstakra mála og að taka sér í hendur dóms- og hegningarvald sem Reykjavíkurborg er hvergi falið með lögum. Umbjóðandi minn byggir jafnframt á að Reykjavíkurborg brjóti gegn meðalhófsreglu stjórnvöldur með því að gera íþyngjandi kröfur til bjóðenda án þess að geta sýnt fram á að Reykjavíkurborg nái ekki því markmiði sem að er stefnt, að verk verði innt af hendi af færum og ábyrgum aðilum, með öðru vægara móti. Að mati umbjóðanda míns er Reykjavíkurborg óheimilt að koma í veg fyrir að umbjóðandi minn geri tilboð í verk á vegum borgarinnar á þeim grundvelli að eigandi félagsins hafi með dómi verið sakfelldur fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Rétt er að benda á að eigandinn er ekki stjórnarmaður í félaginu og er ekki framkvæmdastjóri þess.

Umbjóðandi minn byggir á að honum verði ekki gerð refsing með þeim hætti sem Reykjavíkurborg hefur gert, á þeim grundvelli að félagið sé í eigu manns sem hlaut refsisdóm. Eigandinn hefur, sem áður segir, að fullu axlað ábyrgð á brotunum og tekið út sína refsingu. Í 2. mgr. 1. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 kemur fram að markmið laganna sé m.a. að stuðla að farsælli betrun og aðlögun dómþola að samfélaginu. Háttsemi Reykjavíkurborgar í máli þessu gengur beint gegn slíku markmiði, enda stuðlar hún ekki með nokkrum hætti að því að dómþoli, Rafn Sveinsson, njóti sannmælis í þeirri starfgrein sem hann hefur sérhæft sig í með góðum árangri um árabíl.

Jafnframt ber að hafa í huga það sem áður hefur komið fram að refsimálið, sem endaði með dómi Landsréttar þann 4. maí 2018, tengdist umbjóðanda mínum, Vörðubergi ehf., ekki með nokkrum hætti. Umbjóðandi minn stendur ekki í neinni skuld við ríkissjóð eða Reykjavíkurborg og hefur ekki gerst sekur um vanskil. Reykjavíkurborg er því að mati umbjóðanda míns alfarið óheimilt að hafna tilboði umbjóðanda míns á þeim forsendum sem fram voru færðar.

Rétt er að geta þess að umbjóðandi minn hefur síðustu ár verið með verksamning til þriggja ára við Reykjavíkurborg sem hefur athugasemdalaust verið endurnýjaður í tvígang, nú síðast frá 1. maí sl. Reykjavíkurborg hefur því ekki verið samkvæm sjálfri sér við afgreiðslu mála sem þessara. Íþyngjandi skilyrði í útboðsskilmálum, sem bitna á bjóðendum með þeim hætti sem

hér gerist, verða ekki tekin upp nema málefnaleg sjónarmið ráði för. Ekki verður séð að svo sé í þessu tilfalli.


Umbjóðandi minn byggir því á að brotið hafi verið á rétti hans við meðferð máls þessa og jafnramt að meðferð innkaupamála hjá Reykjavíkurborg sé ábótavant.

*Krafa um endurskoðun og áskilnaður*

Á grundvelli alls framangreinds krefst umbjóðandi minn þess að Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkur endurskoði ákvörðun innkaupaskrifstofu um að hafna tilboði Vörðubergs ehf. í útboði nr. 14782, og leggi fyrir innkaupaskrifstofu að ganga að tilboði Vörðubergs ehf.

Umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt til að koma á framfæri frekari gögnum og sjónarmiðum, verði tilefni til slíks. Þá áskilur umbjóðandi minn sér allan frekari rétt á hendur Reykjavíkurborg, vegna ólögmætrar framkvæmdar og ólögmætra skilmála sem settir hafa verið í útboði þessu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vörðubergs ehf.

  
Gestur Gunnarsson, lögmaður

Fylgiskjöl:

- Gildandi skráning Vörðubergs ehf. í kerfi Creditinfo, sótt 2. júní 2020.
- Tölvupóstur innkaupaskrifstofu til Rafns Sveinssonar, dags. 13. maí 2020.
- Tölvupóstur innkaupaskrifstofu til bjóðenda, dags. 13. maí 2020.
- Fundargerð vegna opunar tilboða í útboð Reykjavíkurborgar nr. 14782, dags. 20. apríl 2020.
- Kvittun vegna skila á tilboði, dags. 16. apríl 2020.

## Hlutafélagaskrá, gildandi skráning

Vörðuberg ehf.

Gögn síðan: 02.06.2020 14:03

Kennitala	571212-3230	Rekstrarform	Einkahlutafélag (ehf)
Aðsetur	Naustabryggju 54	Póstnúmer	110 Reykjavík
Starfsemi	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis (41200)		

## Upplýsingar úr hlutafélagaskrá

Stofndagsetning	12.12.2012	Skráningardagsetning	17.12.2012
Gögn sótt til RSK	02.06.2020	Erlent aukaheiti	
Dagsetning samþykkt	12.12.2012	Lögheimili	Naustabryggju 54, 110 Reykjavík

## Stjórn félagsins skipa eftirtaldir samkvæmt fundi dags: 10.04.2018

Kennitala	Nafn og staða	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
160854-0069	 Annora Kolbrún Roberts (Stjórnarmaður)	Naustabryggja 54, 110 Reykjavík	(9)
230582-5139	 Anna María Jónsdóttir (Varamaður)	Flétturimi 33, 112 Reykjavík	(3)

Firmað rita: Stjórnarmaður

## Framkvæmdastjórn

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
160854-0069	 Annora Kolbrún Roberts	Naustabryggja 54, 110 Reykjavík	(9)

## Prókúruumboð

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
160854-0069	 Annora Kolbrún Roberts	Naustabryggja 54, 110 Reykjavík	(9)
090455-2149	 Rafn Sveinsson	Naustabryggja 54, 110 Reykjavík	(11)

## Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn og staða	Heimilisfang	Hlutafélagabátttaka
091157-3229	 Júlíana Gísladóttir (skoðunarmaður)	Hávallagata 40, 101 Reykjavík	
120649-3539	 Garðar Garðarsson (varaskoðunarmaður)	Hofteigur 8, 105 Reykjavík	

Hlutafé: ISK 500.000

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já

Lausnarskylda á hlutum: Nei

Tilgangur

Tilgangur félagsins er almenn verktakastarfsemi í byggingaiðnaði, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyld starfsemi.

## Stómendur

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Hlutfélagabáttaka
090455-2149	 <a href="#">Rafn Sveinsson</a>	Naustabryggja 54, 110 Reykjavík	(11)

Ofangreindar upplýsingar eru unnar eftir fastmótuðum reglum af starfsmönnum Creditinfo. Reynt er að gæta þess að upplýsingar séu ávallt sem réttastar en sá fyrirvari er hér gerður að ekki er hægt að ábyrgjast að svo sé.

Þessi lína verður að fylgja prentuðum gögnum:N. 531387858 D. 2020-06-02 14:03:22

**From:** unnur.oskarsdottir@reykjavik.is

**Sent:** Wednesday, May 13, 2020 2:55 PM

**To:** r.sveinsson@gmail.com

**Subject:** Tilboð Vörðubergs í útboði 14782 Hverfið mitt 2020 austur, skýring á höfnun tilboðs.

V.t. Vörðuberg ehf.

Innkaupaskrifstofa vill koma á framfæri við félagið eftirfarandi skýringum á höfnun tilboðs félagsins í ofangreindu útboði.

Að mati Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar er Reykjavíkurborg skylt að hafna tilboði Vörðubergs ehf. með vísan til gr. 0.4.2 í útboðsgögnum þar sem eigandi félagsins hefur hlotið endanlegan dóm fyrir sviksemi í skilningi 5. mgr. ákvæðisins. Þá er tilboði félagsins jafnframt hafnað með vísan til 3. og 4. töluliðar sama ákvæðis á grundvelli dómsins, þar sem háttsemi eiganda er hann var sakfelldur fyrir telst einnig refsivert brot í skilningi þess sem og alvarleg vanræksla í starfi.

Fjárhæð kostnaðaráætlunar verksins er undir viðmiðunarfjárhæðum fyrir útboðsskyldu samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og er því ákvörðun Reykjavíkurborgar um höfnun tilboðs félagsins því ekki kæraneleg til kærunefndar útboðsmála.

Hins vegar er rétt að benda á að félaginu er heimilt að beina kvörtun til innkauparáðs telji það að brotið hafi verið á rétti sínum eða meðferð innkaupamála hjá Reykjavíkurborg sé ábótavant. Kvörtun skal berast innkauparáði skriflega innan 20 daga frá dagsetningu tölvupósts þessa.

Virðingarfyllst,  
Unnur Óskarsdóttir  
**Innkaupaskrifstofa**

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík  
Sími: ~~+354 411-1111~~  
Beinn sími: ~~+354 411-1043~~  
Netfang: [unnur.oskarsdottir@reykjavik.is](mailto:unnur.oskarsdottir@reykjavik.is)  
Netfang skrifstofu: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

**From:** unnur.oskarsdottir@reykjavik.is

**Sent:** Wednesday, May 13, 2020 2:47 PM

**Subject:** Niðurstaða varðandi útboð 14782 Hverfið mitt 2020 - Austur. Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur

**Vt. Garðasmíði ehf., Berg verktakar, Stéttafélagið ehf., Sumargarðar ehf., Garðvélar ehf., Hellur og Iagnir ehf., Stálborg ehf., Jóhann Helgi & Co. ehf., Stjórnugarðar ehf., Bergþór ehf., Vörðuberg ehf.**

Þann 20. apríl sl. voru opnuð tilboð í ofangreint útboð og skiluðu ellefu fyrirtæki inn tilboði.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að ganga að tilboði Garðasmíði ehf., að upphæð kr. 27.373.000, í ofangreint verk. Skv. 19. gr. laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993, er nú kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs Garðasmíði ehf.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá Reykjavíkurborg sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til innkauparáðs. Kvörtun skal berast innkauparáði skriflega innan 20 daga frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Varði kvörtun ákvörðun innkauparáðs skal henni þó beint til borgarráðs. Meðfylgjandi er fundargerð innkaupaskrifstofu yfir tilboðin sem bárust. Innkaupaskrifstofa mun hafa samband við samningsaðilann þegar skriflegur samningur er tilbúinn til undirritunar.

Kveðja,  
Unnur Óskarsdóttir  
**Innkaupaskrifstofa**

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík  
Sími: ~~+354 411-1111~~  
Beinn sími: +354 411-1043  
Netfang: [unnur.oskarsdottir@reykjavik.is](mailto:unnur.oskarsdottir@reykjavik.is)  
Netfang skrifstofu: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skyllt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Árið 2020, þann 20. apríl kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 14782 - "Hverfið mitt 2020 - Austur. Grafarvogur, Gafarholt og Úlfarsárdalur". Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1	Garðasmíði ehf.	Kr	27.373.000	73,45%
2	Berg verktakar	Kr	31.015.400	83,22%
3	Stéttafélagið ehf.	Kr	31.508.500	84,55%
4	Sumargarðar ehf.	Kr	34.442.500	92,42%
5	Garðvélar ehf.	Kr	33.033.033	88,64%
6	Hellur og lagnir ehf.	Kr	29.962.000	80,40%
7	Stálborg ehf.	Kr	33.402.700	89,63%
8	Jóhann Helgi & Co. ehf.	Kr	39.978.900	107,28%
9	Stjörnugarðar ehf.	Kr	34.500.000	92,57%
10	Begþór ehf.	Kr	35.415.500	95,03%
11	Vörðuberg ehf.	Kr	24.556.000	65,89%
	Kostnaðaráætlun	Kr	37.267.500	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki

Opnun tilboða lokið kl. 10:10

**Kvittun vegna skila**

Útboð : 14782 Hverfið mitt 2020 austur, Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur

Þrep : 14782 útbosgögn og skil tilboða

Skilað : 16 apr. 2020 18:24 (UTC +00:00) Greenwich Standard Time

Skilað af : Rafn Sveinsson

Tölvupóstfang : rsveinsson@gmail.com

**Upplýsingar um tilboð :**

Virði : 24,556,000.00

Gjaldmiðill : Iceland Krona (ISK)

Gögnum skilað : 12 atriði...

Rafn Sveinsson merkingar vinnusvæða ofl486.pdf (Viðfest skjal)

Vörðuberg almennar upplýsingar um fyrirtækið293.pdf (Almennar upplýsingar - General information)

Vörðuberg efni og efnissalar 299.pdf (Viðfest skjal)

Vörðuberg ehf 14782 Tilboðsskrá Hverfið mitt austur Grafarvogur.xlsx (Tilboðsskrá - Bill of Quantity)

Vörðuberg ehf skuldleysi Lífeyrissjóður 6 apr 2020 862.pdf (Staðfesting frá lífeyrissjóði - Compulsory pension fund confirmation)

Vörðuberg ehf skuldleysi Skatturinn 7 apr 2020 861.pdf (Staðfesting frá innheimtumanni ríkissjóðs - Confirmation form the relevant tax collector)

Vörðuberg ehf tilboðsblað Hverfið mitt 2020 austur, Grafarvogur útboð 14782 867.pdf (Tilboðsblað - Bid form)

Vörðuberg gæðastjórnunarkerfi296.pdf (Almennar upplýsingar - General information)

Vörðuberg helstu stjórnendur295.pdf (Viðfest skjal)

Vörðuberg sambærileg verk294.pdf (Viðfest skjal)

Vörðuberg undirverktakar297.pdf (Viðfest skjal)

Vörðuberg vélar og tæki298.pdf (Viðfest skjal)